

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattalækkunarir.

1. *Hversu mikið er og verður tekjutap ríkissjóðs vegna breyttra skatta einstaklinga frá 2003 og fyrirhugaðrar lækkunar og hvernig skiptist lækkunin eftir tekjuhópum? Óskað er eftir að miðað verði við tekju- og eignarskattsstofna samkvæmt framtölum vegna álagningar 2004 og lækkun skatttekna ríkissjóðs verði reiknuð út miðað við:*

a. *4% lækkun almenna tekjuskattshlutfallsins*

i. *ef persónuafsláttur helst óbreyttur frá álagningu tekjuskatts 2004,*

ii. *ef skattleysismörkin haldast óbreytt frá álagningu tekjuskatts 2004,*

b. *lækkun, eða afnám, hátekjuskattsins úr 7% í 0%, annars vegar miðað við skattleysismörk hátekjuskatts við síðustu álagningu þegar hann var 7% og hins vegar ef skattleysismörkin breytast í sama hlutfalli og persónuafslátturinn fram að álagningu 2004,*

c. *lækkun og afnám almenna eignarskattsins miðað við fríeignamörk við álagningu 2004.*

Í svari þessu er miðað við álagningarskrá ársins 2004 en það er tekjuárið 2003. Tekið er tillit til veltuáhrifa.

a. i. Tekjutap ríkissjóðs vegna 4% lækkunar almenna tekjuskattshlutfallsins miðað við óbreyttan persónuafslátt frá álagningu 2004 yrði um 14 milljarðar kr.

ii. Tekjutap ríkissjóðs vegna 4% lækkunar almenna tekjuskattshlutfallsins miðað við að skattleysismörk haldist óbreytt frá álagningu 2004 yrði um 8 milljarðar kr.

b. i. Lækkun skatttekna ríkissjóðs vegna afnáms sérstaks tekjuskatts miðað við skattleysismörk við síðustu álagningu, þegar hann var 7%, er tæplega 1,4 milljarðar kr.

ii. Lækkun skatttekna ríkissjóðs vegna lækkunar sérstaks tekjuskatts úr 7% í 0%, miðað við að skattleysismörkin breytist í sama hlutfalli og persónuafslátturinn, er rúmlega 1,3 milljarðar kr.

c. Tekjutap ríkissjóðs vegna afnáms almenna eignarskattsins er um 1,8 milljarðar kr.

2. *Hvernig skiptist framangreind lækkun eftir tekjuhópum, bæði miðað við hvern lið um sig og liðina samtals, ef gjaldendum er skipt eftir heildartekjum (þ.e. almennum tekjum og fjármagnstekjum samanlögðum) og 5% þeirra eru í hverju bili? Bæði er spurt um fjárhæð og hlutfall og óskað er eftir að gerð verði grein fyrir dreifingunni fyrir einhleypa annars vegar og hjón og sambúðarfólk hins vegar.*

Skipting lækkunar samkvæmt 1. lið, eftir heildartekjum, 5% skattgreiðenda í hverju tekjubili.
Allar fjárhæðir eru í millj. kr.

	a.i	a.ii	b.i	b.ii	c.
1	0	0	0	0	21
2	0	0	0	0	2
3	3	0	0	0	7
4	55	0	0	0	48
5	291	0	0	0	59
6	357	22	0	0	58
7	406	64	0	0	70
8	450	106	0	0	81
9	494	148	0	0	84
10	547	195	0	0	87
11	613	256	0	0	82
12	684	325	0	0	83
13	762	400	0	0	85
14	845	481	0	0	89
15	942	575	0	0	90
16	1.050	681	0	0	99
17	1.181	807	0	0	108
18	1.360	983	36	34	120
19	1.640	1.256	216	211	152
20	2.372	1.971	1.131	1.121	431

Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti fyrir einhleypa.

	a.i	a.ii	b.i	b.ii	c.
1	0	0	0	0	0
2	0	0	0	0	0
3	0	0	0	0	0
4	0	0	0	0	0
5	1	0	0	0	1
6	66	0	0	0	6
7	147	0	0	0	9
8	170	17	0	0	16
9	188	33	0	0	25
10	205	49	0	0	32
11	220	64	0	0	38
12	237	81	0	0	36
13	261	105	0	0	33
14	292	136	0	0	30
15	327	171	0	0	28
16	368	212	0	0	32
17	419	262	0	0	36
18	484	327	0	0	44
19	576	419	15	14	56
20	841	685	438	434	138

Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti fyrir hjón og sambýlisfólk.

	a.i	a.ii	b.i	b.ii	c.
1	0	0	0	0	22
2	5	0	0	0	11
3	82	0	0	0	58
4	176	0	0	0	50
5	208	22	0	0	50
6	239	48	0	0	50
7	268	76	0	0	49
8	304	106	0	0	51
9	342	141	0	0	51
10	379	176	0	0	54
11	420	215	0	0	55
12	460	255	0	0	52
13	504	299	0	0	52
14	552	344	0	0	54
15	606	397	0	0	57
16	670	458	0	0	59
17	746	534	10	9	64
18	851	637	43	41	73
19	1.008	788	128	125	96
20	1.433	1.207	749	743	285

3. Hvernig skiptist lækkunin, sbr. 2. lið, ef í stað 5% tekjubila er miðað við eftirfarandi heildartekjur á ári:

- a. undir 1 millj. kr.
- b. 1–1,5 millj. kr.
- c. 1,5–2 millj. kr.
- d. 2–3 millj. kr.
- e. 3–4 millj. kr.
- f. 4–6 millj. kr.
- g. 6–8 millj. kr.
- h. 8–10 millj. kr.
- i. 10–15 millj. kr.
- j. yfir 15 millj. kr.?

Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti, fjárhæðir í millj. kr.

	a.i	a.ii	b.i	b.ii	c.
0–1 millj. kr.	259	0	0	0	122
1–1,5 millj. kr.	1.443	230	0	0	249
1,5–2 millj. kr.	1.538	571	0	0	231
2–3 millj. kr.	3.032	1.659	0	0	328
3–4 millj. kr.	2.576	1.716	0	0	238
4–6 millj. kr.	2.924	2.194	269	262	270
6–8 millj. kr.	1.080	872	312	308	119
8–10 millj. kr.	463	388	233	231	69
10–15 millj. kr.	448	386	313	311	83
15– millj. kr.	288	252	256	255	149

Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti fyrir einhleypa.

	a.i	a.ii	b.i	b.ii	c.
0–1 millj. kr.	109	0	0	0	11
1–1,5 millj. kr.	776	131	0	0	97
1,5–2 millj. kr.	757	287	0	0	104
2–3 millj. kr.	1.201	677	0	0	107
3–4 millj. kr.	844	580	0	0	79
4–6 millj. kr.	734	567	163	160	75
6–8 millj. kr.	208	173	131	130	28
8–10 millj. kr.	84	72	71	71	16
10–15 millj. kr.	59	52	58	58	16
15– millj. kr.	29	25	30	30	29

Lækkunin skiptist með eftirfarandi hætti fyrir hjón og sambýlisfólk.

	a.i	a.ii	b.i	b.ii	c.
0–1 millj. kr.	150	0	0	0	111
1–1,5 millj. kr.	668	99	0	0	152
1,5–2 millj. kr.	780	284	0	0	127
2–3 millj. kr.	1.831	982	0	0	222
3–4 millj. kr.	1.732	1.136	0	0	160
4–6 millj. kr.	2.190	1.627	106	102	195
6–8 millj. kr.	873	700	182	178	90
8–10 millj. kr.	380	316	162	160	53
10–15 millj. kr.	390	335	255	253	67
15– millj. kr.	259	227	226	225	121

Tekjur, hlutfall af heildartekjum.

0–1 millj. kr.	5%
1–1,5 millj. kr.	9%
1,5–2 millj. kr.	10%
2–3 millj. kr.	19%
3–4 millj. kr.	16%
4–6 millj. kr.	19%
6–8 millj. kr.	7%
8–10 millj. kr.	3%
10–15 millj. kr.	4%
15– millj. kr.	9%